NÁMSGREIN MYNDMENNT / SJÓNLISTIR
KENNSLUYFIRLIT- 4.BEKKUR

Kennsluaðferðir: Innlögn, myndasýningar, sýnikennsla, verkleg vinna og samtal.

Námsefni: Allt námsefnið er búið til og mótað af myndmenntakennara

Námsmat: Leiðsagnarmat / Hæfniviðmið

Námsgögn: Margskonar litir, pappír og verkfæri ásamt myndasýningum og fagorðabanka

Lykilhæfni: *Lögð verður áhersla á að nemandi öðlist eftirfarandi lykilhæfni.*

- Tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt.
- Skipulagt efnistök og aðferðir við úrlausn verkefna.
- Gert sér grein fyrir að iðulega er hægt að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum og nýta það á skapandi hátt.
- Unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.
- Gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi.
- Tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.
- Sett sér með aðstoð markmið í námi.

Tímabil	Verkefni	Markmið og leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat
Kennt er í þrískiptum lotum:	Hugmyndabók Mannslíkaminn hreyfing Þrívíddateikning Hringlaga form Húsamynd Teiknisamkeppni Listasaga og umræður um myndverk. Orðaforði	Geti sett hugmyndir sínar á blað og unnið út frá þeim. Búa til sína eigin hugmyndabók og vinna hugmyndir og verkefni í hana Geti teiknað mannslíkamann á hreyfingu og inn í rými Teikna eftir margskonar myndum af sjálfum sér og öðrum og lita svo myndirnar Geti sett grunnformin í þrívídd. Æfa sig í að teikna grunnformin í þrívídd Áhersla á nákvæm vinnubrögð Vinni með grunnformið-hring í þrívídd Velja sér 8-10 margskonar hringlaga form til að teikna eftir , lita síðan með mynstri eftir forminu. Kynnist heimi arkitektúrs og húsagerðarlistar. Teikna upp ævintýrahús í þrívídd. Taka þátt í teiknisamkeppni Læri öguð og vönduð vinnubrögð Gera nokkrar hugmyndir Yfirfæra myndina á stærra blað. Teikna og lita Mynd send inn í samkeppnina Kynnist heimi myndlistarinnar og möguleika myndsköpunar. Kynnist og þekki ýmis listaverk og ýmsa listamenn. Læri þau orð sem tengjast þeim verkefnum sem unnið er með	Nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar. Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum og tækni. Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki Unnið út frá kveikju við eigin listsköpun, bæði í tví- og þrívíðu formi. Þekkt hugtök og heiti sem tengjast frumþáttum lögmálum myndlistar við vinnu verkefna hverju sinni. Þekkt og gert grein fyrir völdum verkum listamanna. Lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefninu og þeim aðferðum sem beitt var við sköpun verksins. Greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka Greint á einfaldan hátt listaverk og myndmál í því. Skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.	Leiðsagnamat og hæfniviðmið. Verkefnin eru metin út frá vinnu /hugmyndavinnu, verklagi, virkni og svörun og viðbrögð við verkefninu í samræmi við hæfniviðmið